

# Stjórnarfundur foreldrafélags Hofstaðaskóla

## 17. október 2019

Mætt voru: Íris Dögg Guðjónsdóttir, Kamilla Rut Sigurðardóttir, Heiða Birna Guðlaugsdóttir Gunnarsdóttir, og Sigríður Sigurjónsdóttir sem ritaði.

Fjarverandi: Björn Kristjánsson, Gunnur Líf Gunnarsdóttir og Konrad

### Mál á dagskrá:

1. Ný stjórn kom saman eftir aðalfund og kaus formann, ritara og gjaldkera og voru fulltrúar valdir í skólaráð og grunnstoð. Einnig voru ábyrgðaraðilar valdir fyrir helstu viðburði og verkefni sem foreldrafélagið stendur fyrir.

### Stjórn foreldrafélags Hofstaðaskóla skólaárið 2019-2020

Formaður Íris Dögg Guðjónsdóttir, formaður

Björn Kristjánsson, gjaldkeri

Sigríður Sigurjónsdóttir, ritari

Kamilla Rut Sigurðardóttir

Heiða Birna Guðlaugsdóttir

### Fulltrúar í skólaráði Hofstaðaskóla skólaárið 2019-2020

Kamilla Rut Sigurðardóttir og Heiða Birna Guðlaugsdóttir

### Fulltrúar í Grunnstoð skólaárið 2019-2020

Sigríður Sigurjónsdóttir og Íris Dögg Guðjónsdóttir

2. Í haust verða teknar myndir af nemendum fyrir árbók 7. bekkjar. Ákveðið að versla við sama ljósmyndara og síðustu ár. Mikilvægt að foreldrafélag og bekkjarfulltrúar vinni saman við gerð árbókarinnar. Umsjónarmaður með þessu verkefni er Kamilla.
3. Áætlað að halda árlegt jólaföndur þann 7. desember. Senda tölvupóst til foreldra í nóvember um að taka daginn frá. Umsjónarmaður er Sigríður Sigurjónsdóttir.

4. Áætlað að halda árlegt Bingó 7. mars 2020. Diskóbingó fyrir 5-7 bekk og búningabingó fyrir 1-4 bekk. Umsjónamenn eru stjórnin öll. +
5. Ákveðið var að halda fund með bekkjarfulltrúum mánudaginn 4. Nóvember í Sveinatungu bæjarstjórnarsal Garðabæjar. Umsjónarmaður með fundinum er Sirrý.

Fundi slitið kl 19:00

Næsti fundur stjórnar 20. nóvember kl 18.

F.h. stjórnar,

Sigríður Sigurjónsdóttir